NÁMSGREIN: VALGREIN - HEKL
KENNSLUYFIRLIT – 7. – 10. BEKKUR

Kennsluhættir: Kennsla fer fram einu sinni í viku, 80 mín í senn. Nemendur eru fáir í hóp sem gefur tækifæri til þess að kennari gangi á milli og gefi hverju barni athygli og aðstoð með verk sitt. Markmiðið er að allir nemendur vinni að einu, svipuðu verkefni en einnig er frjáls vinna nemenda leyfileg eftir/á meðan önnur vinna fer fram.

Námsþættir: Textílmennt, fínhreyfingar, hekl, sköpun, fara eftir fyrirmælum, lesa handavinnuleiðbeiningar.

Námsmat: Nemendur fá lokið/ólokið í lok valtímabils. Einkunin lokið gefur til kynna að nemandi mætti vel í tíma, tók þátt í öllu sem fór fram og kláraði a.m.k. hluta af skyldu verkefni námslotunnar.

Námsgögn: Heklunálar, garn, skæri, prjónamerki, hekl- og prjónablöð.